

Fundargerð skólanefndar 1.október 2007

Fundur haldinn í skólanefnd Grunnskóla Tálknafjarðar mánudaginn 1.október 2007 kl. 20.00.

Fundur settur, mættir undirritaðir og fyrirtekið:

1. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að fagnefndir lesi yfir og gefi umsögn um greinargerð með stefnumótun sambands íslenskra sveitarfélaga í skólamálum. Skólanefnd ásamt skólastjórum allra skólastiga grunn, tónlistar- og leikskóla fóru ítarlega yfir greinargerð með stefnumótun S.í.s. í skólamálum. Nefndin er sammála um að greinargerðin sé vel og faglega unnin og hefur engu við að bæta, en undirstrikar ýmis atriði hennar sem okkur eru hugleikin og vonandi verða að veruleika.
 1. Draga þarf úr miðstýringu á rekstarfyrirkomulagi, stjórnun, mönnun og fleira sem núgildandi löggjöf felur í sér. Má þar nefna löggjöf um grunn- og leikskólann um lögverndun á starfsheitum og réttindum í skólum og lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla svo dæmi séu tekin.
 2. „Sveigjanleiki og samstarf milli skólastiga verði aukið.“
 3. „Skólar hagnýti sér samstarf við nær samfélagið.“
 4. „Sambandið sinnir leiðsagnarhlutverki sínum með því að halda námskeið fyrir nýja sveitarstjórnarmenn og hefur auk þess haldið sérhæfðari námskeið fyrir skólanefndir.“ Sem nefndarmenn hér hafa góða reynslu af og mæla með.

Guðlaug Björgvinsdóttir (sign)

Guðlaug S. Björnsdóttir (sign)

Birna Ben (sign)

Ingólfur Kjartansson (sign)

Sigurlaug Guðmundsdóttir (sign)

Marion Worthmann (sign)

Elísabet Kjartansdóttir (sign)

Fundi áframhaldið og fyrir tekið.

2. Bréf sem barst frá foreldrum nokkurra barna í fyrsta bekk G.T. dags. 30.09.07

Efni : Inntaka 5 ára barna nemenda í fyrsta bekk og að nefndin og skólastjórnendur hafi skýra stefnu þar um.

Nefndin er yfirleitt mjög á móti inntöku 5 ára barna, en þetta er í valdi skólastjóra, sem stendur, en við gerð skólafestu Tálknafjarðarhrepps sem fyrirhuguð er verður mörkuð skýrari stefna um þessi mál. Formaður tekur að sér að svara bréfinu.

3. Bréf frá skólastjóra Ingólfi Kjartanssyni þess efnis að fá aðstoð fyrir Adam Szcubelek pólskan dreng sem aldrei hefur komið til Íslands tíminn yrði frá 8 – 12.30 alla skóladaga í einn mánuð. Skólanefnd mælir með því að þetta verði gert.
4. Bréf frá skólastjóra Ingólfi Kjartanssyni varðandi íslenskukennslu í 10.bekk G.T. (sjá bréf) Skólanefnd mælir með að skólastjóri og oddviti fari yfir þessi mál.
5. Bréf frá skólastjóra þar sem skólastjóri fer fram á undanþágu til að fá að kenna 22 stundir á viku en skyldan hans er 10 stundir og mælir nefndin með að það verði gert. Einnig fór nefndin fram á það við Ingólf að fá að sjá hver kennir hvað og hvað mikið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 22.30.

Guðlaug S. Björnsdóttir (sign)

Birna Ben (sign)

Ingólfur Kjartansson (sign)

Guðlaug Björgvinsdóttir (sign)

Sigurlaug Guðmundsdóttir (sign)